

247. fundur - 28.mars 2006

Fundur var settur kl. 15:00. Mættir allir aðalmenn. Sveitarstjóri sat einnig fundinn og reit fundargerð.

Oddviti bauð menn velkomna og las upp dagskrá. Um er að ræða fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar frá 20.mars 2006. Enn fremur óskaði oddviti eftir að leggja fram fundargerð skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar frá 28. mars 2006 og var það samþykkt. Enn fremur voru kynnt tvö bréf frá Gunnlaugi Péturssyni í Reykjavík, en þar ber hann saman kostnað við B-leið annars vegar og göng undir Hjallaháls hins vegar.

Greidd voru atkvæði um fundargerð umhverfis- og náttúruverndarnefndar. Fundargerðin samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Bjarki Stefán vísaði þó til bókunar sinnar sem fram kemur í fundargerðinni.

Greidd voru síðan atkvæði um fundargerð skipulagsnefndar. Fundargerðin samþykkt með fjórum atkvæðum. Bjarki Stefán sat hjá.

Oddviti lagði til á grundvelli fundargerðanna að úrskurður Skipulagsstofnunar yrði kærður. Fjórir greiddu atkvæði með tillögunni. Bjarki Stefán greiddi atkvæði gegn tillögunni.

Gengið var frá kæru á fundinum og undirritaði meirihluti hreppsnefndar hana.

Önnur mál:

- 1) Ákveðið að næsti hreppsnefndarfundur verði haldinn þriðjudaginn 18.apríl 2006.
- 2) Sveitarstjóri greindi frá Finnlandsför sinni 4.-9. apríl sem tengist NORCE-strandmenningarverkefninu. Um er að ræða alþjóðlega ráðstefnu. Ferðakostnaður greiðist af NORCE.
- 3) Sveitarstjóri greindi frá því að 11. apríl nk. yrði haldinn íbúafundur / opið hús í tengslum við gerð aðalskipulags fyrir Reykhólahrepp. Fulltrúar Landmótunar sem er að vinna að gerð skipulagsins munu þá mæta á fundinn og sitja fyrir svörum.
- 4) Bjarki Stefán lagði til að aðgangur að gámasvæðinu á Reykhólum verði takmarkaður. Áfram verði opið fyrir heimilissorp. Tillagan samþykkt. Sveitarstjóra falið að hrinda málinu í framkvæmd og kynna það fyrir íbúum.

Fleira gerðist ekki. Fundargerð upp lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:35

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Björk Bárðardóttir (sign)

Bjarki Stefán Jónsson (sign)

Þórður Jónsson (sign)

Einar Örn Thorlacius (sign)